

## **Sitaropoulos og Giakoumopoulos gegn Grikklandi - Yfirdeild**

**Dómur frá 15. mars 2012**

**Mál nr. 42202/07**

### **3. gr. 1. viðauka Réttur til frjálsra kosninga**

***Kosningar til þjóðþings. Réttur til kosningar utan kjörfundar.***

#### **1. Málsatvik**

Kærendur, Nikolaous Sitaropoulos og Christos Giakoumopoulos, eru grískir ríkisborgarar, fæddir 1967 og 1958, og búa í Strassborg í Frakklandi. Þeir starfa í stjórnsýslu Evrópusambandsins. Þann 10. september 2007 óskuðu þeir eftir að fá að kjósa í grísku þingkosningunum sem halda átti 16. sama mánaðar. Laut beiðni þeirra að því að fá að greiða atkvæði sín í Frakklandi. Sendiherra Grikklands í Frakklandi hafnaði ósk kæranda, enda væru ekki til staðar neinar reglur um hvernig haga skyldi utankjörfundaratkvæðagreiðslum kjósenda utan Grikklands.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn 3. gr. 1. viðauka sáttmálans með því að skerða rétt grískra ríkisborgara sem búsettir væru utan Grikklands til að taka þátt í grísku þingkosningunum.

##### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn benti á að leysa þyrfti úr því hvort 3. gr. 1. viðauka við sáttmálann legði þá skyldu á aðildarríkin að koma á fót kerfi sem gerði ríkisborgurum þeirra kleift að nýta kosningarrétt sinn þar sem þeir væru búsettir erlendis. Dómstóllinn tók fram að ekki yrði séð að alþjóðalög eða löggjöf aðildarríkjanna gæfi til kynna að samstaða væri um það hvernig gera ætti kjósendum sem búsettir væru utan heimalanda sinna unnt að kjósa. Fenejjanefndin hefði haft þá afstöðu að æskilegt væri að borgarar sem búsettir væru erlendis gætu kosið en að ríkjum væri ekki skylt að gera slíkt mögulegt. Meirihluti ríkja Evrópuráðsins byði upp á þennan möguleika, en ekki öll, og fyrirkomulag slíkra utankjörfundaratkvæðagreiðslna væri mjög mismunandi. Í grísku stjórnarskránni væri gert ráð fyrir því að heimilt væri að útfæra í lögum slíkar atkvæðagreiðslur og hefði nokkrum sinnum verið reynt að samþykkja löggjöf þessa efnis á gríska þinginu, en án árangurs. Dómstóllinn taldi því að það væri ekki í hans verkahring að skylda grísk yfirvöld til að nýta umrædda stjórnarskrárheimild. Loks tók dómstóllinn fram að ekki yrði séð að sú röskun sem kærendur hefðu orðið fyrir við það að ferðast til Grikklands til að kjósa hefði verið meiri en réttlætanlegt var með tilliti til meðalhófs.

Dómstóllinn taldi því að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 3. gr. 1. viðauka sáttmálans.